

Varð vitni að mannbjörg

Sólveig Bessa Magnúsdóttir bóndi og verkefnastjóri hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða er Vestfirðingur vikunnar að þessu sinni.

— sjá bls. 22



Á ferð um heiminn á vélbáti

Vélknúna snekkjan Egret liggur í Ísafjarðarhöfn en eigendur hennar, Mary og Scott Flanders, hafa siglt henni umhverfis hnöttinn. Þau koma frá Fort Lauderdale í Flórída en hafa í rúman áratug búið um borð í bátum. Báturinn er nú kominn til vetrardvalar á Ísafirði en Scott og Mary hyggja á nýjar slóðir og hafa því auglýst bátinn til sölu.



— sjá bls. 24 og 25.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 24. október 2013 · 42. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak

Kveikt á perunni!



...fyrir **BÍLINN**

...fyrir **BÁTINN**

...fyrir **HEIMILIÐ**

...fyrir **FAGMANNINN**

...fyrir **PIG!**



VERSLUN

SINDRAGÖTU 12



KORNADEKK

I*CEPT IZ W606

Nýtt umhverfisvænt kornadekk frá Hankook.

Hankook fyrir allar gerðir ökutækja!

BÍLAVERIÐ ehf.

Sindragötu 14 · S: 456 3501

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á **eBOX.IS**



**Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR**



Eimskip | Kornagöðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.



Geta ekki komið að framkvæmd íbúðapings á Flateyri vegna anna

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Bygðastofnunar, segir stofnunina eiga óhægt um vik um þessar mundir að koma að framkvæmd íbúðapings á Flateyri vegna anna. Þetta segir hann í svarbréfi til Ísafjarðarbæjar þar sem þess var farið á leit við Bygðastofnun að hún kæmi að framkvæmd íbúðapingsins „Brothættarbyggðir“. Verkefnið byggir á tilraunaverkefni sem nú stendur yfir og hafa tengt því verið haldin íbúðaping á Raufarhöfn og á Bíldudal. Framundan eru íbúðaping og fundir á Kirkjubæjarklaustri og á Breiðdalsvík, auk úrvinnslu gagna frá framangreindum íbúðapingum.

Í bréfi Bygðastofnunar segir að það verkefni sem sé lengst komið sé á Raufarhöfn og það sé mat aðstandenda þess að

verkefnið hafi skilað umtalsverðum árangri í að auka samtakamátt og samstöðu íbúanna á staðnum. Á fjárlögum þessa árs var stofnuninni veittar 50 milljónir króna til sértækra aðgerða í fámennum byggðarlögum sem búa við bráðan vanda vegna langvarandi fólksfækkunar, einhæfs atvinnulífs, fækkunar starfa og hækkandi meðalaldurs íbúa. Segir Aðalsteinn að ekki liggi fyrir niðurstaða um frekari fjármögnun slíkra verkefna og ekki sé ljóst hvort verði gert ráð fyrir þeim í fjárlögum næsta árs.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í ágúst síðastliðnum lagði Arna Lára Jónsdóttir bæjarfulltrúi til að Ísafjarðarbær óskað eftir samstarfi við Bygðastofnun um að koma að málefnum Flateyrar með það að markmiði að styrkja stöðir samfélags og



atvinnulífs. Í framhaldinu hafi Ísafjarðarbæjar, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Fjórðungsamband Vestfirðinga unnið að því að halda íbúðaping á Flateyri í haust. Í erindi Ísafjarðarbæjar til Bygðastofnunar kemur meðal annars fram að íbúum Flateyrar hafi fækkað um 31% síðustu fimm árin og megi eflaust rekja fækkunina til fækkunar starfa og óstöðugleika í atvinnumálum að einhverju leiti. Fólksfækkun og

ótryggt atvinnuástand til marga ára hefur veikt samfélagið á Flateyri.

Jafnframt er bent á að í verkefni Bygðastofnunar, þar sem auglýst er eftir samstarfsaðilum um nýtingu á viðbótaraflamarki sem stofnunin hefur til úthlutunar, séu innan Ísafjarðarbæjar tvær byggðir, Flateyri og Suðureyri, sem metnar voru sem byggðir sem standa frammi fyrir alvarlegum vanda. Einnig hafi komið fram í greiningum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða að staða kjarnaatvinnugreina í þessum dreifðu byggðir Ísafjarðarbæjar (Suðureyri, Flateyri og Þingeyri), standi hallandi fæti og því sé mikilvægt að bregðast við ástandinu og gætu í íbúafundir verið liður í því.

– harpa@bb.is



Greinilega mikill sjar-mör. Mynd: Nave.is.

Lítill fálki neitaði að yfirgefa skipið

Lítill fálki, líklegast turnfálki (*Falco tinnunculus*) heiðraði starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík með nærveru sinni í síðustu viku. Fálkinn settist á rannsóknaskipið Árna Friðriksson á dögnum á milli Grænlands og Íslands og tók Kristján Kristinsson skipverji fálkann og hlúði að honum. Þvoði hann grút af stélinu og gaf honum éta. Þegar reynt var að sleppa honum vildi hann ekki yfirgefa skipið. Ákveðið var þá að fara með hann til Náttúrustofu Vestfjarða, þar sem skipið var á leið til Ísafjarðar.

Þar mun fálkinn verða vistaður þar til að hann fær smá hold á sig og hægt verður að sleppa honum. Turnfálki er stéllangur, lítill fálki sem er lítið eitt stærri en smyrill. Turnfálkar eru algengir flækingar við Ísland og er algengastur hér á haustin, frá síðla í ágúst fram eftir október. – harpa@bb.is

Metaðsókn að bb.is

Aðsókn að vef Bæjarins besta, bb.is, hefur aldrei verið meiri frá því mælingar hófust hjá Modernus, en í síðustu viku. Vikuna 14.-20. október sóttu 27.040 gestir síðuna sem svarar til rétt ríflega 6.000 gesta á dag. Svarar fjöldinn til nær fjórfaldan íbúafjölda fjórðungsins. Vikan á undan var fjölsóttasta vika ársins með 21.596 notendur. bb.is er því aðra vikuna í röð fjölsóttasti svæðisfréttamiðillinn á netinu og nú í 17. sæti yfir fjölsóttustu vefi landsins.

Vefur Víkurfréttanna kemur næst, en 19.949 sóttu fréttavefinn heim í vikunni. Þar á eftir er svo vefur Skessuhorns, með um 13.709 notendur. Flestir hafa notendur vefjarins áður orðið 24.560, en það var vikuna 19.-25. mars 2012. Það má því segja að um allnokkuð stökk sé að ræða, og við þökkum lesendum fyrir okkur. – herbert@bb.is

Jólahlaðborð á Hótel Ísafirði

30. nóvember, 7. og 14. desember
Verð kr. 7.900- á mann.

Víkingur Kristjánsson
segir sögur og verður með uppistand á
hlaðborðunum 7. og 14. desember

Jólahlaðborð barnanna 15. desember
Verð kr. 7.900- á mann og frítt fyrir 12 ára og yngri.

Upplýsingar í síma 456 4111 og á vidpollinn.is

VIÐ POLLINN

Veitingar á Hótel Ísafirði

HÁDEGISVERÐARTILBOÐ Á HÓTEL ÍSAFIRÐI

Föstudagur

Á morgun verður boðið upp á
BBQ svínaríf með bakaðri kartöflu
og hrásalati á kr. 1900-

Klippikort

í hádegismat, fjórða hvert
skipti er frítt.
Gildir til 15. nóvember

Kynningarkvöld á Vetrarfríi Úrvals Útsýnar 2013/2014

Á Hótel Ísafirði
miðvikudagskvöldið
30. október kl.20:00



Kæru Vestfirðingar

Miðvikudaginn 30. október mun Ása María Valdimarsdóttir, fararstjóri kynna glæsilega vetrardagskrá okkar á Hótel Ísafirði. Vilt þú kynna þér spennandi sérferð til Dubai, paradísareyjuna Tenerife eða úrval skíðaferða? Líttu endilega við og við veitum þér upplýsingar með bros á vör.

Hlökkum til að sjá þig!

Sé bókað innan viku frá kynningu fær hver farþegi 5.000 króna gjafabréf á sérferðum.

ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | [MEIRA Á ÚRVALUTSYN.IS](http://MEIRA.Á.ÚRVALUTSYN.IS)



Þú getur einnig sótt stafrænt eintak af bæklingnum með því að smella mynd af þessum QR kóða með snjallsímanum þínum.



ÚRVAL-ÚTSÝN 



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Herbert Snorrason, 846-3971, herbert@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfnum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Á að rústa rækjuíðnaðinum?

„Það er ólíkandi að atvinnuöryggi félagsmanna okkar og íbúa á Vestfirðum sé háð illa ígrunduðum ákvörðunum stjórnvalda eins og boðuð kvótasetning rækjuveiða í úthafinu ætla að reynast.“ sagði m.a. í ályktun stjórnar Verkalýðsfélags Vestfirðinga, um fyrirhugaða skipan á úthafs-rækjuveiðum, eftir þriggja ára veiðifrelsi, en fram að þeim tíma, búandi við fyrirkomulag, sem nú er ætlunin að taka upp að nýju. Þá hafði rækju-kvótinn ekki verið nýttur nema að litlum hluta um árabíl af handhöfum; þótti ekki takandi að standa í veiðum.

Sagan endurtekur sig. Þeir fá ekki að njóta eldanna, sem kveiktu þá. Þeir sem telja sig vita betur, ættu að kynna sér upphaf rækjuveiða og vinnslu á Íslandi, glugga í bók Högna heitins Torfasonar, Stóri Kampalampi – Rækjusaga úr Djúpinu. Sannarlega var ekki auðhlaupið að því að gera þetta að þeirri mikilvægu atvinnugrein, sem síðar varð. Um það verður ekki deilt, hverjir frumkvöðlarnir voru. Og þótti ekki verið rakið hér er engum blöðum um það að fletta hvað öðru fremur kom atvinnugreininni í þá stöðu, sem upp var komin, þegar þáverandi sjávarútvegsráðherra ákvað að gefa veiðarnar frjálslar.

Það var einmitt við þær aðstæður, sem Vestfirðingar, af dugnaði og áráði, tóku á ný frumkvæðið, juku veiðar og vinnslu og lögðu allt að veði til að koma fótum undir atvinnugreinina að nýju. Og það tókst. En nú á að refsa þeim. Nú ætla stjórnvöld að kippa í liðinn fyrir gömlu kvótahafana, „þar sem ekki var skorið úr um réttindi þeirra“ þegar veiðifrelsið var innleitt, að sögn sjávarútvegsráðherra. Vera kann að stjórnvöldum þyki dugnaðurinn í Vestfirðingum hafa verið einum um of? Hvað sem því líður verður að ætla að þeim sé kunnugt um að málshöfðun gegn ákvörðuninni um að gefa rækjuveiðarnar frjálslar, var vísað frá dómi. Hverra hagsmuna eru stjórnvöld í raun og veru að gæta?

Bæjarins besta fagnar þeirri samstöðu sem náðst hefur í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar í þessu máli. Hugmyndin um að gjaldið fyrir leigukvótann skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga, er athygli verð. Allt annað en að kvótahandhafa nýti sjálfir kvótann til veiða, er andstætt upphaflegum tilgangi kvótakerfisins. Hvers vegna er verið að úthluta einstaklingum og fyrirtækjum kvóta, ár eftir ár, sem sýnilega nýta hann ekki til veiða? Slík vinnubrögð hafa aðeins eitt í för með sér: Brask, ólíkandi ranglæti, sem stríðir gegn öllu siðferði.

„Ég kallaði þetta (tillögur ráðherra) einhvern tíma Salómonsdom, en þetta minnir mann á að höggva barnið í tvennt til að skipta því milli mæðranna,“ sagði Gísli H. Halldórsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

Ljóst er að með fyrirtætlunum sínum eru stjórnvöld langt frá því að vera með tærnar þar sem Salómon gamli hafði hælana. s.h.

Spurning vikunnar

Ertu sammála því að rekstur áhaldahússins á Ísafirði verði boðinn út að hluta eða öllu leyti?

Alls svöruðu 584.

Já sögðu 134 eða 23%

Nei sögðu 450 eða 77%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Sameiginlegt markaðs- átak Vestfjarða undirbúið

Markaðsstofa Vestfjarða vinnur að hugmyndum um sameiginlegt markaðsátak til að vekja athygli á Vestfirðum í heild sem ákjósanlegum áfangastað ferðamanna, en í ályktun Fjórðungsþings Vestfjarða var lagt til að sveitarfélögin réðust í slíkt atak. „Það var uppi hugmynd fyrir tveimur árum að sveitarfélögin færu í sameiginlegt markaðsátak, en það var ekki samþykkt í öllum sveitarfélögunum og rann svo út í sandinn,“ segir Dána Jóhannsdóttir, markaðsfulltrúi.

„Stjórn sambandsins lagði svo fram tillögu, ekki beint um að blása lífi í þá tilraun, en að það

yrði farið í sameiginlegt markaðsátak. Markaðsstofa er að vinna að hugsanlegri herferð, og hún verður svo lögð fyrir öll sveitarfélögin. Það er hugmyndin að vekja athygli á Vestfirðum sem áhugaverðum áfangastað, og þá sérstaklega hjá erlendum ferðamönnum. Við erum eitt af minnst heimsóttu svæðum á Íslandi hjá erlendum ferðamönnum, og hugmyndin er að reyna að vekja athygli á okkur, helst á nýstárlegan hátt. Mér sýnist að þetta verkefni verði unnið að mestu í gegnum samfélagsmiðla.“

Nýverið hefur verið fjallað um myndbönd sem birt hafa verið frá

nágrenni Ísafjarðar, þar sem skíðamennska og klifur eru í forgrunni. Dána segir að slík kynning sé auðvitað mjög jákvæð, en flestir þeir ferðamenn sem hingað komi sæki ekki upp til hópa eftir svo miklum ævintýrum. Oft hefur verið lögð áhersla á eyðibýggðir Vestfjarða, og þá sérstaklega Hornstrandarfríðland, og aðspurð hvort það sé kannski komin tími til að vekja athygli á byggðinni segir Dána að það sé vissulega ástæða til. „Það er menningin að mörgu leyti sem heillar, og það er um að gera að draga athygli að henni.“

– herbert@bb.is

„Yndislegt að vera komin vestur“

„Það er yndislegt að vera loksins komin vestur. Öllum í fjölskyldunni líður vel, börnin aðlagast vel á leikskólunum, maðurinn minn er að kynnast svæðinu betur og er til dæmis byrjaður í björgunarsveitinni Tindum og er að læra á kajak, síðast en ekki síst er ég hrikalega ánægð í vinnunni,“ segir Þórdís Sif Sigurðardóttir, nýráðin sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs Ísafjarðarbæjar.

Hún er lögfræðingur að mennt frá Háskólanum í Reykjavík og starfaði áður en hún kom vestur sem sviðsstjóri lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst. Áður starfaði hún sem lögfræðingur hjá Landsbankanum, BNB Consulting, FL Group og KPMG. Ekki er úr vegi að spyrja hvernig henni lítist á að vera ein þriggja kvenna sem hafa verið ráðnar í haust í þrjár af æstu stöðum Ísafjarðarbæjar og því má bæta við nýráðinn dómstjóri hjá



Héraðsdómi Vestfjarða er kona líka, Sigríður Elsa Kjartansdóttir. „Það er svo frábært að svo margar klárar konur hafi verið ráðnar um svipað leiti og ég og það í störf sem karlmenn hafa jafnvel verið í í mörg ár. Það sem mér finnst þó jákvæðast er að það séu hæfir einstaklingar að veljast í störfin,“ segir Þórdís en þess má geta að meistaraaritgerð hennar í lögfræði fjallar um kynja-

kvóta í hlutafélögum, bæði lögfræðilega og út frá stjórnarháttum félaga. Aðspurð hvernig fyrstu dagarnir í nýju vinnunni hafi verið segist hún strax vera byrjuð að vinna í mjög spennandi verkefnum og lítist mjög vel á samstarfsfólkið. „Ef fyrstu dagarnir gefa einhverja mynd af því hvernig framhaldið verður þá bið ég spennt.“ – harpa@bb.is

860 tonn af Djúprækju

Heimilt verður að veiða um 860 tonn af rækju í Ísafjarðardjúpi á þessu fiskveiðarári, en það er nokkur aukning frá síðasta ári. Þá var heimilt að veiða 500 tonn, en upphaflega var gert ráð fyrir að engin veiði yrði það árið. Einnig verður heimilt að veiða um 190 tonn af rækju í Arnarfirði. „Fyrir mitt leyti varð ég fyrir vonbrigðum,“ segir Gísli Jón Kristjánsson, skipstjóri á Öldunni ÍS-47. „Þegar veiðin var á sínum tíma þá var meðalveiðin í kring-

um 2000 tonn. Ég segi þetta samt með fyrirvara, og miðað við það sem ég hef heyrt, því ég veit ekkert. Það hvílir rosalega mikil leynd yfir þessu öllu, rannsókn- um og úthlutun. Ég frétti það á laugardag að kvóti væri kominn á bátinn.“

Gísli Jón segir að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum miðað við þær upplýsingar sem honum hafa borist til eyrna, en það hafi verið mál manna að útbreiðsla rækju-unnar væri meiri en fyrir tveimur

árum, þegar kvótinn var þúsund tonn. „En ég hef ekki fengið það staðfest, enda ekki fiskifræðingur heldur bara aumur skipstjóri. Við biðum eftir að heyra meira, en yfirleitt er búið að halda fund með okkur áður en kvóta er úthlutað. Það hefur ekki verið gert núna. Við höfum ítrekað kallað eftir því að vera upplýstir um það hvað er að gerast, a.m.k. í Ísafjarðardjúpi, en þetta fer allt á verri veginn.“

– herbert@bb.is

GÓÐ kaup!



verð áður 2.373 kr/kg

1.898 kr/kg

Saltkjöt, valið
frá Kjarnafæði



Rauðar paprikur

50% afsláttur

VERÐ 1
SPRENGJA

verð áður 454 kr/kg

227 kr/kg

GÓÐ kaup!



verð áður 3.845 kr/kg

2.999 kr/kg

Nauta Rib Eye steikur
úr kjötbörði eða pakkaðar ferskar

...sjá uppskrift í Kjötréttir:
„Spænskir svínahakks-borgarar með sítrónu- og saffronsósu“
samkaupurval.is



Ódýrt



verð áður 359 kr/pk

269 kr/pk

Hvítlauksbrauð 2 stk 350g
frosin, frá Coop

Svínahakk
úr kjötbörði eða pakkað ferskt

verð áður 949 kr/kg

759 kr/kg

Ódýrt



verð áður 159 kr/pk

99 kr/pk

Eggjanúðlur 250g
frá Coop



Ostaslaufur
nýbakaðar á staðnum!

50% afsláttur

VERÐ 2
SPRENGJA

verð áður 349 kr/stk

175 kr/stk



Frávísun snúið í Hæstarétti

„Niðurstaðan kom ekki á óvart, og þýðir að málið fær efnislega meðferð,“ segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur, um úrskurð Hæstaréttar frá því í síðustu viku. Þar sneri Hæstiréttur við úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, sem úrskurðaði 5. júlí síðastliðinn að vísa skyldi málinu frá dómi. Um er að ræða málsókn Bolungarvíkurkaupstaðar gegn Officine Maccaferri S.p.A., Ósafli sf., ÍAV hf., Marti Contractors Ltd. og Eflu hf.

vegna galla í snjóflóðavarnargarði ofan kaupstaðarins. Gallinn leiddi til verulegs viðbótarkostnaðar, og Bolungarvíkurkaupstaður telur sér ekki skylt að standa undir kostnaði vegna hans.

Hinir kærðu aðilar töldu að vísa ætti málinu frá, þar sem Héraðsdómur Reykjavíkur væri rangur dómstóll. Officine Maccaferri S.p.A. taldi að reka ætti málið fyrir ítölskum dómstólum þrátt fyrir ákvæði útboðs um að íslenskir dómstólar hefðu lög-

sögu í málinu. Í samningi við Officine Maccaferri er tilgreint að mál skuli reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, en í samningnum við aðra verkaðila var tilgreint að reka skyldi mál fyrir Héraðsdómi Vestfjarða. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði þann 5. júlí að vísa bæri málinu frá vegna þessara galla, en Bolungarvíkurkaupstaður áfrýjaði þeirri niðurstöðu til Hæstaréttar.

Hæstiréttur taldi að ósamræmi í samningsákvæðum gætu ekki

orðið til þess að Bolungarvíkurkaupstaður yrði sviptur því hagræði að reka eitt mál, ekki síst í ljósi þess að varnaraðilar eiga ekki heimilisfesti í umdæmi Héraðsdóms Vestfjarða og hafa, eftir því sem segir í dómnum, ekki nokkra sýnilega hagsmuni af því

að málið verði rekið þar. Því er úrskurður Héraðsdóms felldur úr gildi, og héraðsdómi lagt fyrir að taka málið til efnislegrar meðferðar. Að auki ber varnaraðilum að greiða Bolungarvíkurkaupstað 300.000 í kærumálskostnað.

– herbert@bb.is

Íbúum fækkar í Ísafjarðarbæ

Fjöldi skráðra íbúa í Bolungarvík við lok þriðja ársfjórðungs þessa árs er 960 eða fjörutíu íbúum fleiri en á sama tíma á síðasta ári. Í Vesturbýggð fjölgaði íbúum um tuttugu eða úr 930 í 950. Í Súðavíkurhreppi fjölgaði íbúum um þrjátíu á sama tímabili. Íbúafjöldi Reykhólahrepps, Kaldrananeshrepps, Árneshrepps og Tálknafjarðarhrepps stóð í stað á tímabilinu. Þá standa aðeins eftir Strandabyggð og Ísafjarðarbær en það eru einu sveitarfélögin á

Vestfjörðum þar sem íbúum hefur fækkað.

Í Ísafjarðarbæ bjuggu 3.740 í lok þriðja ársfjórðungs í fyrra en nú búa þar 3.680 eða 60 færri. Í Strandabyggð voru skráðir 520 íbúar í lok þriðja ársfjórðungs í fyrra en eru nú 500 talsins. Á Vestfjörðum öllum hefur íbúum fjölgað um tíu. Í lok þriðja ársfjórðungs þessa árs var fjöldinn kominn í 7.020 en var 7.010 á sama tíma á síðasta ári.

– harpa@bb.is

Níu umsóknir af sextán frá Vestfjörðum

Sextán umsóknir bárust um viðbótaraflamark sem Bygðastofnun úthlutar til stuðnings byggðarlögum í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Bygðastofnun. Sex byggðarlög voru valin í verkefnið, en fjögur þeirra eru á Vestfjörðum. Aðalsteinn Þorsteinson, forstjóri Bygðastofnunar, segir að þrjár umsóknir hafi borist vegna Flateyrar, þrjár vegna Suðureyrar, tvær vegna Tálknafjarðar og ein í tengslum við Drangs-

nes. Níu af umsóknunum sextán bárust því frá Vestfjörðum.

Markmið verkefnisins er að stuðla að stöðugleika og uppbyggingu í sjávarútvegi á stöðunum sem um ræðir. Stefnir er að því að verkefnið sem hljóta stuðninginn stuðli að sem flestum heilsársstörfum við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í byggðinni. Stjórn Bygðastofnunar fór yfir umsóknirnar á fundi 9. október, en stefnt er að því að endanleg niðurstaða liggi fyrir í byrjun nóvember.

– herbert@bb.is

veturnáttatílbod

20% afsláttur af öllum buxum

..... gallabuxum, chinos buxum, sparibuxum frá öllum okkar vörumerkjum LEE, Bertoni, Hedex, Humör, Solid, Marc Lauge, 2-Biz, Cero, Elton o.fl., fimmtudag, föstudag og laugardag.

Ýmis önnur tilboð verða líka í gangi. Heppnir viðskiptavinir geta dottið í lukkupottinn og fengið gjafabréf frá versluninni. Við verðum með opið til kl.16 á laugardaginn.

Verið velkomin




Jón og Gunna verslun

Austurvegur 2
400 Ísafjörður
Sími: 456 3464
jonoggunnaverslun@simnet.is
Við erum á líka á [facebook](#)



flugsláttur

99%

AFSLÁTTUR

**AF BARNAFARGJALDI
TIL 31. OKTÓBER 2013**

**SVONA
NOTAR ÞÚ
FLUGSLÁTTINN**

**SMELLTU ÞÉR Á
FLUGFELAG.IS**

SLÁÐU INN FLUGSLÁTTARKÓÐANN VIÐ BÓKUN:

BARN99*

**TJING!
ÞÚ FÆRÐ
AFSLÁTT**



FLUGFELAG.IS

VINGUMST facebook.com/flugfelag.islands

Flugsláttur gildir um bókanir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands fyrir börn, 2-11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun. Flugsláttur býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, flugfelag.is, fyrir 31. október 2013 en við bætist flugvallarskattur. Gildir bara innanlands, þó ekki um tengiflug.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

„Hér eru allir alltaf að hreyfa sig!“

Sigríður Elsa Kjartansdóttir var nýverið skipuð dómstjóri við Héraðsdóm Vestfjarða. Eftir nokkrar vikur í starfi list henni ákaflega vel á sig á Ísafirði. „Ég get ekki sagt annað en það sé bara gott hljóðið í mér og að mér lítist vel á mig hér. Mig langaði að prófa eitthvað nýtt og þetta er einmitt töluvert öðruvísi en dómaraastaða í Reykjavík, mun fjölbreyttari. Fyrir sunnan er maður að vinna mikið í einkamálum og sakamálum en hér þarf maður að sinna öllum málum. Það gefur manni mikla og dýrmæta reynslu,“ segir Sigríður Elsa.

Sigríður Elsa hefur víðtæka starfsreynslu. Hún hefur meðal annars starfað sem fulltrúi sýslumannsins á Akureyri og í Kópavogi, sem lögmaður hjá Lögborg

og sem fulltrúi ríkissaksóknara á árunum 2004-2006. Þá var hún skipuð saksóknari við embættið en hún er nú í leyfi frá þeim störfum. Hún gegndi einnig um skamman tíma starfi saksóknara við efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og hefur hún flutt mikinn fjölda mála fyrir dómstólum í fyrrgreindum störfum, meðal annars um áttatíu mál fyrir Hæstarétti. Hún var einnig settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá nóvember 2011 til júní í ár. Og hingað er hún komin, fyrsta konan sem hefur verið skipaður dómstjóri við Héraðsdóm Vestfjarða.

Hún hefur enga tengingu til Vestfjarða, utan þess að hafa ferðast nokkuð mikið um kjálkann undanfarin ár. „Ég er frá Njarðvík



Sigríður Elsa Kjartansdóttir, dómstjóri við Héraðsdóm Vestfjarða.

og hef enga tengingu hingað, en við hjónin höfum verið mjög dugleg að ferðast um Vestfirðina síðustu ár sem hefur verið frábært. Náttúrfegurðin hér stendur klár-

lega upp úr. Við eigum reyndar Hornstrandir alveg eftir en höfum sett stefnuna þangað næsta sumar,“ segir Sigríður. Aðspurð hvernig henni lítist á Ísafjörð er

svarið einfalt: „Hér virðist vera mjög aktívt og gott samfélag, allir alltaf úti að hreyfa sig!“ segir Sigríður Elsa.

– harpa@bb.is

Á veiðar á ný eftir breytingar

Bolvíski línubáturinn Guðmundur Einarsson ÍS hefur hafið róðra á ný eftir að hafa verið frá veiðum í ríflega tólf mánuði. Um miðjan júlí á síðasta ári gaf vélin sig í bátnum og stóð hann lengi vélarlaus upp á bryggju í Bolungarvík. Í maí á þessu ári var báturinn fluttur landleiðina til Hafnarfjarðar þar sem hann geggst undir breytingar. Ný og öflugri vél var sett í bátinn auk þess sem hann

var lengdur um einn meter. Þá var sett svokallað þurrpúst við vél bátsins sem gerir hann mun sparneytnari.

Guðmundur Einarsson ÍS er í eigu Jakobs Valgeirs ehf en skipstjórar eru Snorri Hildimar Harðarson og Þórarinn L. Sigurgeirsson en þeir voru áður með bátinn Sirrý ÍS sem seld hefur verið til Flateyrar og heitir nú Hrólfur Einarsson ÍS.



Guðmundur Einarsson ÍS við bryggju í Bolungarvík. Lísm: vikari.is.

Leiðtogar og eining þjóðar

Liðin eru rúm fimm ár frá „hruninu“ án þess að þjóðin hafi náð að gera upp atburði og ákveða hvert hún hyggst stefna. Fróðlegt hefur verið að fylgjast með því er sérfræðingar reyna að greina hvað gerðist og ekki síður hvað var gert til þess að takast á við afleiðingarnar. Engum kemur á óvart að ekki var að sjá einn einasta leiðtoga á sviði stjórnmálanna sem gat náð til þjóðarinnar eftir „hrun“, eða tekið af skarið um hvað rétt væri að gera til þess að lágmarka tjón þjóðarinnar. Athyglisvert er að kynna sér greiningu Ásgeirs Jónssonar hagfræðings, Bjarnasonar, ráðherra í fyrrverandi ríkisstjórn. Niðurstaða hans er sú að Steingrímur J. Sigfússon þáverandi fjármálaráðherra og formaður Vinstri grænna hafi gert mistök með því að einkavæða Íslandsbanka og Arion banka og selja þá í hendur útlendinga. Einnig hafi það verið rangt að mati hagfræðinga að skuldabréf hins nýja Landsbanka til prótabús hins gamla skyldi vera í erlendum gjaldeyri en ekki krónum. Þá skorti þjóðina sárlega leiðtoga. Forsætisráðherra fyrri ríkisstjórnar reyndist því miður ekki leiðtogi þjóðar sinnar á erfiðum tíma fremur en fjármálaráðherra, sem vildi semja Íslendinga undir afarkosti varðandi Icesave.

Hópur manna tók sig saman og sýndi þann kjark að biðla til

þjóðarinnar um stuðning við að hún sætti ekki þeim afarkostum sem „leiðtogar“ þáverandi ríkisstjórnar gátu hugsað sér að kalla yfir fólk sitt. Þá sýndi Ólafur Ragnar Grímsson leiðtogahæfileika sína og klókkindi og fyrir hans tilstuðlan var því varpað til kjósenda að taka ákvörðun. Skemmt er frá því að segja að þeir höfnuðu samningnum og þeim næsta einnig. Þá urðu „leiðtogar“ ríkisstjórnarinnar að vísa málinu til EFTA dómstólsins. Sá dómstóll dæmdi eins og kunnugt er Íslendingum í vil og sendi þau skýru skilaboð að „leiðtogunum“ hefði mistekist. Auk þjóðarinnar stóð Forseti Íslands uppi sem sigurvegari, en forystumenn ríkisstjórnarflokkanna fengu skömm í hattinn. Þetta er dæmi um að þjóðin vill eiga sér leiðtoga. Ólafur Ragnar fyllti skarðið sem beið opið og var kosinn Forseti Lýðveldisins Íslands til þess að sitja sitt fimmta kjörtímabil.

Margir hafa litið til Þjóðkirkjunnar sem leiðandi. Deilur hafa því miður staðið um hana meðal annars vegna leiðtoga. Þeir hafa ekki allir verið yfir deilur hafnir. Biskup Íslands er góð kona og vel að því komin að gegna þessu mikilvæga hlutverki. Æði margir hefðu viljað sjá hana sleppa mætingu á Hátið vonar hjá atvinnupredikara sem virðist hatast við sumt fólk. Leiðtogar verða stundum að laga sig þeim er leiða skal, svo vel fari.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

KYNSLÓÐ EFTIR KYNSLÓÐ NÝ COROLLA



Í upphafi skyldi endinguna skoða. Við kynnum nýja kynslóð, spengilegri og glæsilegri en nokkru sinni fyrr. Corolla er fyrir löngu orðin að tákni um endingu og gæði. Tæplega fimmtíu ár af óbilandi áreiðanleika hafa skilað henni traustum hóp aðdáenda. Og nú er komin ný kynslóð á götuna. Endurhönnuð og endurbætt Corolla. Nútímaleg, kröftug og sparneytin, búin Toyota Touch margmiðlunarkerfi og ríkulegum staðalbúnaði sem drífur hana til móts við nýjar kynslóðir. Komdu og reynsluaktu.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá: 3.590.000 kr.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Mikil orka og gott mannlíf

„Það hefur gengið mjög vel í sumar, eiginlega vonum framar. Við vorum með opið út september og erum búin að loka fyrir veturinn, utan þess að taka á móti hópum sem taka öll tólf herbergi hótelsins. Við erum einmitt að taka á móti einum slíkum hópi um helgina,“ segir Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, einn eigenda Hótel Horns á Ísafirði, sem opnaði í júní síðastliðnum. Í vetur verður unnið að því að koma 12 öðrum herbergjum í stand fyrir næstu páska þannig að þá verða þau 24, á tveimur hæðum. Hólmfríður Vala segir starfið í sumar hafa verið ákaflega skemmtilegt.

„Það er svo gaman að taka á móti ferðamönnum, margir þeirra hafa nefnt hversu notalegt það er að koma í bæinn. Eiginlega áberandi hve margir töluðu um mikla



Hólmfríður Vala Svavarsdóttir.

orku og gott mannlíf í bænum.“

Hótel Horn er rekið af hlutafélagi sem rekur einnig Hótel Ísafjörð við Silfurtorg, Gamla gistihúsið og Hótel Eddu í Menntaskólanum við Torfnæs. „Við erum

með skemmtilega nýjung á veitingastaðnum Við pollinn á Hótel Ísafirði. Þjóðum þar upp á tilboð í hádeginu á föstudögum. Í dag t.d. vorum við með pizzur, þá vorum við með samlokur um daginn

og svo sushi sem sló alveg í gegn og næst verðum við með kjúkling. Það er svo alltaf hægt að hringja inn og panta t.d. sushi eða annað, í take away fyrir hópa,“ segir Vala. – harpa@bb.is

Orkubúið veitir styrki

Stjórn Orkubús Vestfjarða hefur í annað sinn ákveðið að veita styrki til samfélagsverkefna á Vestfjörðum. Að þessu sinni eru til ráðstöfunar 4.200.000.- krónur. Umsóknir um styrkina þurfa að berast Orkubúi Vestfjarða fyrir 15. nóvember n.k. og er stefnt að því að þeim verði úthlutað í desember.

Á síðasta ári veitti fyrirtækið 3,5 milljónir króna til samfélagsverkefna. Hæstu styrkina, kr. 400 þúsund, fengu Héraðssamband Vestfirðinga vegna íþróttaskóla fyrir börn og Grunnskólinn og Tónlistarskólinn á Ísafirði vegna tónlistarkennslu barna í 5. bekk. Þá fengu Heimildamyndahátíðin Skjaldborg, Minningarsjóður Hlífar og BÍ88, 300 þúsund krónur hvert. Fjórir aðilar fengu síðan 200 þúsund króna styrki og tíu aðilar fengu 100 þúsund króna styrki.

Umsókn um styrk má senda í pósti til Orkubús Vestfjarða, Stakkanesi 1, merkt „Styrkur“ eða með tölvupósti til orkubússtjóra á netfangið kh@ov.is.

Klofningur færði Grensás þjálfunartæki

Fiskpurkunarfyrirtækið Klofningur ehf. á Suðureyri færði endurhæfingaræild Landspítalans á Grensá í Reykjavík nýtt þjálfunartæki fyrir stuttu. „Við tókum ákvörðun um að styrkja Grensás um þetta tæki, jafnvel

þó það sé stefna fyrirtækisins að einbeita sér að nærumhverfinu þegar kemur að styrkjamálum. Ástæðan er sú að tveir starfsmenn okkar hafa þurft á þeirra þjónustu að halda undanfarið og ber að þakka deildinni fyrir sitt góða

starf,“ segir Guðni A. Einarsson framkvæmdastjóri Klofnings en Jón Víðir Njálsson verkstjóri og Sigurður Ólafsson fyrrverandi framleiðslustjóri fyrirtækisins hafa báðir verið í endurhæfingu á Grensá.

Sigrún M. Sigurgeirsdóttir yfirbókari, Einar Valur Kristjánsson stjórnarformaður og Guðni afhentu Sigrúnu Knútsdóttur yfirsjúkraþjálfara deildarinnar tækið fyrir hönd Klofnings.

– harpa@bb.is

Dagskrá Veturnáttu 2013

Fimmtudagur 24. október

19.00	Bjór og rif (verður alla dagana)
19.00	Hráefni úr heimabyggð með Steff Hilty
22.00	Lifandi músik

Hótel Ísafjörður
Kaffi Ísól
Húsið

Föstudagur 25. október

14.00-15.00	Ókeypis leiklistarnámskeið fyrir börn
15.00	Bangsadagur Bókasafnsins
17.00	Opnun sýningar Myndlistarfélagsins
20.00	Þakkagjörðarmáltíð, vísur, dans o.fl.
23.00	Lifandi músik

TÍ, bakvið Hamra
Safnahús
Edinborgarhús
Arnardalur
Húsið

Laugardagur 26. október

11.30	Barnakórar TÍ með kynningu og söng
13.00	Veturnáttablástur lúðrasveita TÍ
13.15	Húslestur á Bókasafninu
14.00	Þrjónympíuleikar
14.00-18.00	Eldsmiðja á safnasvæðinu
15.00	Loftur langalöpp - frumsýning
17.00	Loftur langalöpp - 2. sýning
20.30	Bjósaga Víkings
20.30	Fjalla-Eyvindur Kómedíuleikhússins
22.00	Denni trúbadúr
23.00	Crazy horse á Húsinu

Hamrar
Neisti
Safnahús
Klæðakot
Neðstikaupstaður
Edinborgarhús
Edinborgarhús
Kaupfélag Súgfirðinga
Garðurinn við Húsið
Kaupfélag Súgfirðinga
Húsið

Sunnudagur 27. október

11.00	Disney-messa
15.00	Loftur langalöpp - 3. sýning
15.00	Kennaratónleikar TÍ
17.00	Loftur langalöpp - 4. sýning
19.30	Dansúettinn Spegilmynd
20.00	Kertafleyting í fjöruborðinu

Ísafjarðarkirkja
Edinborgarhús
Hamrar
Edinborgarhús
Neðstikaupstaður
Neðstikaupstaður

Nánari upplýsingar um einstaka viðburði, mögulegar breytingar og viðbætur við dagskrá má finna á heimasíðu hátíðarinnar, www.isafjordur.is/veturnaetur

Langur laugardagur

Hefð hefur skapast fyrir löngum laugardegi á Veturnóttum þar sem kaupmenn á Ísafirði hafa opið í það minnsta milli klukkan 11.00 og 16.00. Víða má finna tilboð í tilefni hátíðarinnar. Þær verslanir sem taka þátt eru:

Þristur - Ormsson
Samkaup
Konur&Menn
Hamraborg
Craftsport
Kaupmaðurinn
Jón og Gunna
Gullauga
Eymundsson
J.O.V. föt
Særaf
Vestfirska verslunin
Monró
Klæðakot
Karitas
Rammagerð Ísafjarðar
Hafnarbúðin



Hönnuð: Ísafjarðarbær

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



FERSKUR BÓNUS KJÚKLINGUR



UNGNAUTAHAKK



BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



BÓNUS ÚRB. KJÚKLINGAUPPLÆRI



UNGNAUTAGÚLLAS



HEIMA FERSKAR DÖDLUR 600g



UNGNAUTASNITSEL



ALI FERSKUR Grísabógur



MÖNDLUR MEÐ HÝÐI 500g



ÍSLENSK 100% FERSKT
Ungnautapiparsteik



BÓNUS HVÍTT SÚKKUKLAÐI 200g



HEIMA SUÐUSÚKKUKLAÐI 300g



BÓNUS RÍSKÖKUR 6 stk



498
krónur 500g



398
krónur 500g



HEIMA ÓLÍFUOLÍA
EXTRA VIRGIN 750ml

GOTT VERÐ Á KAFFI Í BÓNUS

FIMMTUD. OPIÐ
11:00-18:30

BONUS EKKERT BRUÐL

VISA

FIMMTUD. OPIÐ
11:00-18:30

Dæmdur fyrir kynferðisbrot

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt karlmann, fæddan 1994, í 30 daga skilorðsbundið fangelsi í eitt ár fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum. Maðurinn er sakfelldur fyrir að hafa brotið gegn stúlku, á árinu 2011, sem þá var 16 og 17 ára með því annars vegar að hafa í eitt skipti í júlí eða ágúst áreitt hana kynferðislega og sýnt henni ósið-

legt athæfi með því að káfa með báðum höndum á brjóstum hennar utan klæða og hins vegar í lok þess sama árs áreitt hana aftur kynferðislega og sýnt henni ósiðlegt athæfi með því að káfa með báðum höndum á brjóstum hennar utan klæða og stuttu síðar káfað með annarri hendinni á öðru brjósti hennar utan klæða.

Maðurinn viðurkenndi þá hátt-

semi sem honum er gefin að sök í ákæru en hafnaði einakaréttarkröfu um miskabætur að fjárhæð 400.000 með þeim rökum að hún væri of há. Í niðurstöðu héraðsdóms kemur fram að dómurinn telji stúlkuna eiga rétt á miskabótum úr hendi hans. Þótt ekki hafi legið fyrir nein gögn um þær afleiðingar sem brotin hafi haft fyrir hana sé til þess að líta að

kynferðisbrot eru í eðli sínu til þess fallin að valda þeim sem fyrir þeim verða miska.

Þá kemur einnig fram að samkvæmt sakavottorði hefur maðurinn ekki sætt refsingu áður og beri að líta til þess við ákvörðun refsingar en einnig til ungs aldurs hans og skýlausrar játningar fyrir dómi. Brot hans vörðuðu meðal annars við ákvæði 3. mgr.

99. gr. barnaverndarlaga en því er sérstaklega ætlað að vernda börn undir 18 ára aldri m.a. gegn ósiðlegu athæfi og skiptir þá aldur geranda ekki máli sé hann orðinn sakhæfur. Er brot mannsins því réttilega heimfærð til refsíakvæða að því er kemur fram í dómnum. Einnig kom fram að meðferð málsins hafi dregist nokkuð hjá ákæruvaldi.

Mjólkurvörur Örnú um land allt

Mjólkurvörurnar frá Örnú í Bolungarvík verða væntanlega fáanlegar í verslunum um land allt í lok þessarar viku, en fyrstu sendingarnar til dreifingar um land allt eru þegar farnar af stað. „Við erum byrjaðir að dreifa í Bónus,“ segir Hálfdán Óskars-son, framkvæmdastjóri. „Við byrjum dreifingu í Samkaup-Nettó í þessari viku, svo og Krón-una og Nóatún og einhverjar fleiri

verslanir. Við erum ekki byrjaðir að framleiða allt sem við ætlum að framleiða,“ segir Hálfdán.

„Þær tegundir sem við erum að framleiða núna ganga fínt. Við byrjum væntanlega á skyrinu í næsta mánuði, og þá fylgir rjóminn. Rjómi og skyr fara saman. Við ætluðum okkur ekki að vera með bögglauskur, en við vorum með kynningu og gáfum fólki prufu. Það vakti þvílíka lukku að



Feðgarnir Hálfdán Óskarsson og Óskar Hálfdánsson fyrir framan framleiðsluvörur Örnú.

við ákváðum að gera fólki kleift að verða sér úti um það og höfum afgreitt það í kjötbörðinu í Samkaup. Það er laktósafritt, en að öðru leyti er þetta gamla, góða Ísafjarðarskyrið.“

„Það hafa verið aðeins byrjunarörðugleikar hjá okkur,“ segir

hann aðspurður um tómar hillur í Samkaup, sem sagnir hafa farið af á Ísafirði. „Við erum komnir fyrir það. Núna er framleitt af fullum þunga, þannig að það verður enginn skortur á vörum, að minnsta kosti hér á okkar svæði, það kemur svo í ljós hvað

verður annars staðar. Ef sú staða kemur upp er það bara skemmtilegt vandamál til að eiga við, og þá bara leysum við það. Viðbrögðin hér heima hafa bara verið frábær. Við vorum sannfærðir um að við værum búnir að þróa góða vöru, og það hefur fengist staðfest.“



ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM SKIPULAG, DYNJANDI, ARNARFIRÐI, ÍSAFJARÐARBÆ

Ísafjarðarbær auglýsir skipulagslýsingu fyrir Dynjanda í Arnarfirði, Ísafjarðarbæ, skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gert er ráð fyrir að stækka bílastæði, gera ný rútustæði og stæði fyrir húsbíla, stækka tjaldsvæði, stækka salernishús og aðstöðu fyrir sorp. Fyrirhugað er að endurbæta sem mest göngustíga og tröppugerð meðfram ánni, útbúa áningarstaði við sérvalda útsýnisstaði og möguleg pallasmíði í tengslum við þá.

Lýsingin er unnin á grundvelli aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Lýsingin verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is, frá 24. október 2013 til 14. nóvember 2013. Þeir sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna, þurfa að skila þeim inn á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði, eigi síðar en 14. nóvember 2013.

Ísafirði 18. október 2013,
Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri
framkvæmda- og eignasviðs.

EagleFjord flytur starfsemina til Þingeyrar

Forráðamenn ferðapjónustufyrirtækisins EagleFjord á Bíldadal hafa kveðið að flytja starfsemi fyrirtækisins til Þingeyri næsta sumar. Ætlunin er að byggja upp frekari ferðapjónustu á og við víkingasvæðið á Þingeyri. Þar verður starfsemi alla daga vikunnar yfir sumarið og verður þema dagskrárinnar í anda Gísla

sögu Súrssonar auk þess sem ýmis önnur þjónusta verður í boði eins og minjagripasala, leiksýningar, leiðsögn á söguslóðir, víkingaskóli og veitingar.

Alla daga verður farið í sjóstöng með víkingaskipinu Vésteini og á landleiðinni mun skipstjórinn flaka fiskinn. Þegar í land er komið verður boðið upp á að

elda og snæða aflann á víkingasvæðinu eða taka fiskinn með sér heim, tilbúinn á pönnuna eða grillið. Ferðapjónustan EagleFjord hefur verið starfrækt á Bíldadal frá árinu 2007 og þar hefur verið í boði sambærileg þjónusta og ætlunin er að veita á Þingeyri.

– harpa@bb.is

Sjúkdóma- trygging

sem hægt er
að endurvekja



NÝJUNG Á ÍSLANDI

OKKAR Sjúkdómatrygging XL er nýjung hér á landi. Trygginguna er hægt að endurvekja eftir að bætur hafa verið greiddar úr henni og þannig geta viðskiptavinir OKKAR tryggt sig aftur gegn sjúkdómum sem kunna að knýja dyra síðar meir.

Fimm bótaflokkar

Tryggingunni er skipt upp í fimm bótaflokka eftir eðli sjúkdóma. Sé sótt um nýja tryggingu eftir greiðslu bóta er sá flokkur undanskilinn sem bætur hafa verið greiddar úr. Þannig er aðeins hægt að fá bætur einu sinni úr hverjum flokki.

Karlar og konur greiða sama iðgjald af Sjúkdómatryggingu XL, séu þau jafn gömul.

Kynntu þér málið á www.okkar.is eða hringdu í síma 540 1400.

OKKAR líftryggingar - með þér alla ævi

www.okkar.is

okkar 
- til öryggis síðan 1966



Íslenskir bændur nota tæplega

1,6 milljónir

hektara af landi undir landbúnaðarstarfsemi.
Það eru 15% af heildarstærð Íslands.



Í verslunum N1 má finna fjölbreytt úrval
hlífðarfatnaðar.

Vinsælasti liturinn á sjó- og regnfatnaði
er appelsínugulur. Appelsínugulur litur í
draumi er merki um þrá dreymandans til
að njóta lífsins. Þá er gott að vera í góðum
hlífðarfatnaði.



Kaffipása á vinnustað varir að meðaltali

13,5
mínútur.

Atvinnulíf. Gangverk sem eykur lífsgæði. Íslenskt atvinnulíf treystir á þétttrið þjónustunet N1 með eldsneyti, rekstrarvörur og önnur aðföng. Til að plægja akurinn, halda dampi á fiskiflotanum, flytja vörur milli landshluta og fljúga milli áfangastaða þarf lifandi aflstöðvar um allt land. N1 veitir íslenskum fyrirtækjum orku til góðra verka – því að saman höldum við samfélaginu á hreyfingu.



45 lítrar
100 km



78 lítrar
100 km



575 lítrar
100 km



Orðið stígvél á
rætur að rekja til
íðalska orðsins
stivale, sem þýðir
sumarskór.
Auðvitað.

Hluti af atvinnulífi

Allur flugvélafloti Ícelandair
gengur fyrir eldsneyti frá N1.



Það eru alls **18** flugvélar.

672.800

ferðamenn heimsóttu Ísland í fyrra.



Um fjórðungur þeirra
sótti þjónustu á N1.



Fjöldi starfsmanna N1:

820

Það gerir einn starfsmann
á hverja 392 Íslendinga.

Tonn veidd af þorski við Íslandsstrendur árið 2012:



177.000

Kílóverð af þorski á LE BERNARDIN í New York:

116.000 kr. / \$ 954

Bið eftir borði: 10 – 40 dagar. (Frægir: 0 dagar).



1971:

Byrjað að selja bílatengdar vörur á bensín-
stöðvum. Sama ár var Landssamband
Hjálpar-sveita skáta stofnað.

1982:

Bygging hófst á þjónustustöðvum eins og við
þekkjum þær í dag. Sama ár voru þrír almyrkvar
á tungli, en það mun ekki gerast aftur fyrr en
árið 2485.



Meðalhraði (v) Boeing 757
flugvélar er 980 km/klst.

Tíminn (t) sem það tekur
Boeing 757 að fljúga umhverfis
jörðina (40.076 km) er því:

S/V = T

(vegaleingi/hraði = tími)



Daglega sinnir N1 að meðaltali

6 dælingum
á skip og togara.



Gera má ráð fyrir að á meðaltökudegi á
erlendri kvikmynd á Íslandi séu eknir um

30.000 km

Það er rúmlega 21 hringur í kringum landið.



þjónustustöðvar N1 eru með

Kerruleigu

Komum af stað!



SÝNINGARSALUR



Hafsteinn Vilhjálmsson, umboðsmaður Heklu á Ísafirði afhendir Gylfa Guðmundssyni, innkaupastjóra Orkubús Vestfjarða lykklana af bílnum. Á myndinni eru einnig Kristján Haraldsson orkubússtjóri og Sigurjón Kr. Sigurjónsson, fjármálastjóri fyrirtækisins.

Orkubúið ekur inn í framtíðina

„Þetta er framtíðin, og við viljum sýna að hægt sé að nota þá sem annan bíl á heimili og í innanbæjarakstri,“ segir Kristján Haraldsson, orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða, en fyrir-tækið hefur fest kaup á Mitsubishi i-MiEV rafbíl frá Heklu. „Merkilegt nokk, þá þurfa þeir ekki mikið rafmagn og það er hægt að hlaða þá á öllum heimilum. Þá þarf yfirleitt að hlaða þá yfir nótt til að nota yfir daginn, og þá er drægið á bilinu 100-150 kílómetrar.“

Full hleðsla fæst á i-MiEV á átta klukkustundum í gegnum venjulega rafmagnstengingu, en einnig er mögulegt að hlaða bílinn í hraðhleðslustöðvum sem hlaða hann upp að 80% hleðslu á hálf tíma. Slíkar hraðhleðslustöðvar eru þó ekki til staðar á Vestfjörðum. Auglýst aksturssvið bílsins er 80-120 km á stakri hleðslu, og hámarkshraði er 130 km/klst. Bíllinn er fjögurra sæta, en listaverð er rétt í kringum fjórar milljónir króna. „Við erum að

sýna almenningi að þetta gengur,“ segir Kristján. „Þetta eru vandaðir og góðir bílar, og ódýrir í akstri. Við erum búnir að reka rafbíl í nokkur ár, í keyrslu milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, og það hefur gengið mjög vel. Þetta eru náttúrulega smábílar, ekki jeppar. Þeir ganga jafn vel og sambærilegir bensín- og díselbílar, líka í færðinni hér. Þetta er það sem koma skal hérna á Íslandi.“
– herbert@bb.is



Gylfi Guðmundsson, innkaupastjóri OV matar sig undir stýri.

Sælkerar vikunnar eru Íris Ingvarsdóttir og Ingólfur Hallgrímsson í Bolungarvík

Mexíkósk kjúklingasúpa

Við ætlum að bjóða upp á góða kjúklingasúpu sem er í miklu uppáhaldi á okkar heimili og Snickers ostaköku sem er gott að gera aðeins áður því hún þarf að standa í nokkra klukkutíma inn í ísskáp áður en hún er borin fram. Verði ykkur að góðu.

Mexíkósk kjúklingasúpa fyrir ca 6-8 manns

4-5 kjúklingabringur fulleldaðar
3-4 msk olía
3-4 tsk karrý
3-4 hvítlauksgeirar
1 púrrulaukur
2 paprikur
1 askja hreinn rjómaostur (ca 400g)
1 flaska chillisósa frá Heinz
1 dós hakkaðir tómatar

1 dós kókosmjólk
2 teningar kjúklingakrafur
1 peli rjómi (má sleppa ef þú ert með kókosmjólkina)
1.5 – 2 l vatn
Salt og pipar

Olía, karrý og hvítlaukur steikt saman á pönnu. Púrrulauknum, paprikunni bætt saman við og steikt vel. Því næst er hökkuðu tómötunum, chillisósunni og rjómaostinum bætt út í og hrært vel í þar til osturinn er vel bráðinn. Kókosmjólk, vatni og kjúklingakrafti bætt út í og kryddað með salti og pipar og látið sjóða í nokkrar mín. Kjúklingnum er svo bætt úti í restina ásamt rjómanum ef þið eruð með hann og látið krauma í smá stund. Borið fram með Doritos flögum, rifnum osti og góðu snittubrauði.

Snickers ostakaka með bönumum

Botn:
150 g Haust hafrakex
75 g smjör
Bræðið smjórið í potti og myljið kexið mjög fínt niður. Hellið smjörinu saman við kexið og þrýstið blöndunni vel niður í eldfast mót og kælið í ísskáp í nokkrar mín.

Fylling:
6 snickers (6x58g stk)
1 peli rjómi
250 g mascarpone rjómaostur eða philadelphia ostur
2 bananar
Salthnetur

Snickers og rjómi sett í pott og brætt við vægan hita, hrærið stöð-



ugt í. Takið pottinn af hellunni og bætið ostinum saman við og hrærið vel þangað til osturinn er bráðinn. Raðið einu lagi af bananasneiðum á kexbotninn og hellið snickers ostablöndunni yfir. Látið kökuna kólna vel áður en hún er skreytt með bönum-um

og salthnetum. Kakan er svo borin fram íssköld með þeyttum rjóma.

Við skorum á Ingu Sif Ingvarsdóttur og Friðþór Örn Kristinsson til að vera næstu sælkerar vikunnar.



-allt fínt fyrir jólin

„ÉG ELDA BETUR MEÐ ELECTROLUX“

„Með Electrolux heimilistækjum
erum við öll í góðum málum
í eldhúsinu!
Þú eldar betur með Electrolux.“

Sigríður


 **Electrolux**



 Electrolux

Helluborð
EHF 6342XOK
Keramík helluborð
Stærð 380x576x516 mm
1850524

67.895 kr



 Electrolux

Spanhelluborð
EHI 6740FOK
Spanhelluborð sem er jafn fljótt
að hitna og gaslogi, fasaður
kantur, stærð 590x520x55 mm
1860232

129.900 kr



129.900 kr

ELECTROLUX BLÁSTURSOFN

EOB 5450AAX

Ultrafan hitakerfi, Turbo grill. Tveggja rása breytilegt grill.
Prefalt gler í hurð, hæglokun á hurð. Kámfritt stál.

Orkunýting A.
1860233

**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**
**30 DAGA
SKILARETTUR**



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Birt með fyrirvara um myndavíxl og innsláttarvillur, úrval getur verið misjafnt milli verslanna.

Áframhaldandi uppbygging í Súðavík

„Það er búið að vera mikið að gera,“ sagði Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík, þegar blaðamaður náði af honum tali eftir nokkrar tilraunir. Segja má að þetta sé í takt við sveitarfélagið sjálft, en Ómar segir að reksturinn hafi gengið mjög vel, og ekki horfi fram á breytingar á því. „Milli 2004 og 2008 vorum við með margt í gangi, við réðumst í byggingu iðnaðarhúsa, gerðum tjaldsvæði, og byggðum ein-

býlishús. Í hrúninu skapaðist svo mikil óvissa, og í framhaldinu gríðum við okkur verulega niður. Við töldum ekki skynsamlegt að betrubæta með miklum framkvæmdum, en vorum í viðhaldi. Sumarið 2013 má segja að við höfum horft fram á að við værum í góðri stöðu til að halda áfram með uppbyggingu. Við bættum við göngustígum, malbikuðum aðra, settum bundið slitlag á suðurgarðinn og hluta af

Langeyrarvegi, byggðum grillskála á tjaldsvæðinu, settum göngubrú fyrir ofan gamla Eyrarbæinn. Við höldum áfram að fegra, og gerðum Súðavík enn flottari. Við tókum engin lán fyrir þessu, heldur notuðum aðeins eigið fé. Það er mikilvægt að halda því þannig.“

Ómar segir að sveitarfélagið njóti nú góðs af aðhaldsaðgerðum sem ráðist var í eftir hrún. „Sveitarfélagið er vel í stakk búið til að

sinna framtíðarverkefnum sínum. Skuldahlutfall sveitarfélagsins, en í dag virðast menn horfa helst til þess, er 48% á samanteknum ársreikningi, en samkvæmt 64. grein laga um sveitarfélög má það ekki vera hærra en 150%. Þetta hlutfall mun lækka hratt. Við höfum ekki þurft að fresta viðhaldsframkvæmdum, og það er ekkert sem bíður okkar í sjálfu sér. Ég geri þess vegna ráð fyrir að horft verði til áframhaldandi

uppbyggingar. Við erum með metnaðarfull verkefni í pípunum, sem komu fram á íbúapingi sem við höldum á síðasta ári. Ég á von á að við horfum til þess að eitthvað sem tengist atvinnumálum verði næsta viðfangsefni okkar, ekki bein þátttaka, heldur að skapa stuðning fyrir þá starfsemi sem við teljum að hér geti átt heima. Það munum við gera myndarlega, eins og við höfum alltaf gert.“ – herbert@bb.is

Ríkisstarfsmönnum fækkar á Vestfjörðum

Þrátt fyrir að fjöldi ársverka á vegum ríkisins ykist um tæplega 200 frá 2007 til 2011 fækkaði þeim um sex á Vestfjörðum, en um er að ræða 0,09% aukningu á landsvísi en 0,12% samdrátt á Vestfjörðum. Þetta kemur fram í skýrslu sem Hagfræðistofnun vann að beiðni Bygðastofnunar. Í skýrslunni kemur fram að almennt hafi ekki orðið niðurskurður í fjölda ársverka á vegum ríkisins á svæðum þar sem íbúapróun hefur verið hvað best. Þá vekur athygli að niðurskurður heilbrigðisstofnana hefur verið minnstur

þar sem samgöngur við Reykjavík eru bestar.

Í skýrslunni koma fram grófir útreikningar á kostnaði vegna ferða til Reykjavíkur vegna heilbrigðisþjónustu. Ekki hefur verið kannað hvaða kostnaður fellur á íbúa vegna tíðari ferða vegna heilbrigðisþjónustu. Fækkun ársverka á vegum ríkisins nemur um 2% á Vestfjörðum, en á sama tíma fækkaði íbúum um 4,4%. Það verður því ekki séð að niðurskurður í ríkisstörfum hafi verið leiðandi þáttur í bygðapróun á Vestfjörðum.



Mestur niðurskurður var hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

TAX FREE

DAGAR Í HAFNAR-BÚÐINNI

Afnemum virðisaukaskatt* af ÖLLUM vörum í búðinni dagana 24. - 26. október – Verið velkomin! Opið alla virka daga frá kl. 9 - 18. ATH! Laugardaginn 26. október verður opið til kl. 16!



Hafnarbúðin
S: 456 3245



Fylgstu með okkur á Facebook

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Auðvitað fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Afslátturinn er alfarið á kostnað Hafnarbúðarinnar.

Ásgerður til hótelsins

Ásgerður Þorleifsdóttir, formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða, hefur verið ráðin til Hótels Ísafjarðar og mun hún sinna markaðs- og fjármálum hótelsins í hlutastarfi. Um áramótin tekur hún síðan við starfi Ólafs Arnar Ólafsson hótelsstjóra, sem hefur rekið hótelið ásamt eiginkonu sinni, Áslaugu Alfreðsdóttur, um langt skeið. Nýir eigendur tóku við rekstri hótelsins fyrir rúmu



ári er Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, keypti hótelið ásamt eiginkonu sinni, Hólmfríði Völu Svavarsdóttur, og fleiri fjárfestum.

Minni samdráttur á Vestfjörðum

Minni samdráttur varð í framleiðslu á Vestfjörðum en víða annars staðar á landinu á árunum 2007-2011, eftir því sem kemur fram í nýútkominni skýrslu Bygðastofnunar um hagvöxt landshluta á þessu tímabili. Litlar breytingar urðu á framleiðslu víðast hvar á landinu á tímabilinu, en samdráttur varð á Austurlandi, Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Lítil munur er á framleiðslu á einstakling eftir landshlutum, en framleiðsla á Vest-

fjörðum er um 2% landsframleiðslunnar.

Áhrif efnahagshrunsins 2008 komu síðar fram á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu, en nokkur samdráttur varð í framleiðslu árið 2010. Tekið er fram í skýrslunni að byggð á Vestfjörðum beri ýmis merki þess að vera í vörn, en fasteignaverð er hvergi hærra og fólksfækkun hefur verið hröð. Íbúar svæðisins voru 20% færri árið 2011 en árið 2003.

– herbert@bb.is



Flugnemarnir rétt fyrir brottför frá Ísafjarðarflugvelli.

Nemendur flugu til Ísafjarðar

Nemendur í atvinnuflugmannsnámi hjá Flugskóla Íslands voru staddir á Ísafirði á föstudag en þangað flugu þeir á átta flugvélum frá skólanum. „Hver bekkur fer í hópflug saman, í einskönar skemmtiferð, svona til að líta að eins upp úr bókunum. Við flugum

hingað og fórum beint á Húsið og fengum okkur að borða og við erum núna að gera vélarnar klárar fyrir heimflugið þannig að þetta er bara stutt stopp,“ segir Ólafur Jón Jónsson, einn flugnemanna. Atvinnuflugmannsnáminu er skipt í tvo hluta þ.e. verklegan

og bóklegan og bekkurinn sem Ólafur er í er nú í bóklega hlutanum.

„Við erum 29 í bekknum og þar af eru 10 konur,“ segir Ólafur aðspurður um kynjahlutfallið en þess má geta að hlutfall kvenna í flugnámi árið 2008 hafði um það

bil tífaldast frá aldamótunum 2000 og hlutfall þeirra eykst stöðugt í takt við það að heildaraukning nema í flugi eykst.

„Þetta er það mjög skemmtilegt nám, það besta sem hægt er að gera að mínu mati og það er líka bjart framundan í fluginu.

Ég mæli líka hiklaust með náminu í FÍ, ekki spurning,“ segir Ólafur en það kannast eflaust þó nokkrir Vestfirðingar við kauða en hann er menntaður lögregluþjónn og vann hjá lögreglunni á Ísafirði í fjögur ár eða frá 2009 og þar til í fyrra.

ERTU VERSLUNARSTJÓRI?

Við leitum að verslunarstjóra fyrir stað okkar á Ísafirði

Verslunarstjóri er ábyrgur fyrir rekstri staðarins.

Hann sér m.a. um þjálfun og ráðningu starfsfólks, samskipti við birgja, uppgjör og skýrslugerð ásamt því að afgreiða og þjónusta viðskiptavinum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslu- og þjónustustörfum. Við gerum kröfu um þjónustulund, samviskusemi og jákvæðni.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á starf@subway.is

Umsóknarfrestur er til og með 29. október.





Minjastofnun Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafríðunarsjóði fyrir árið 2014

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 182/2013. Samkvæmt úthlutunarreglunum er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum.
- viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis hennar fyrir varðveislu byggingararfleifarinnar. Að þessu sinni verður lögð sérstök áhersla á að veita styrki til endurbóta á friðlýstum húsum og mannvirkjum.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2013. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningar Húsafríðunarnefndar sem finna má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands og Húsværðarstofu um viðhald og viðgerðir eldri húsa í Minjasafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.



Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is



Fjöldmenn hjá Innheimtustofnun

Fjöldmenn var í opunarhófi Innheimtustofnunar sveitarfélaga í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á föstudag. Stofnunin flutti starfsemi sína á Vestfjörðum til Ísafjarðar í byrjun mánaðarins, en starfsstöðin var áður á Flateyri. Sigurður Pétursson, stjórnarfor-

maður stofnunarinnar hóf samkomuna með stuttri tölu og að því búni blönduðu gestir gleði yfir léttum veitingum. Stjórn Innheimtustofnunar var viðstödd, en ásamt Sigurði, sem er bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, skipa hana Adolf H. Berndsen, oddviti sveit-

arfélagsins Skagastrandar, og Stefánía Traustadóttir, sérfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu.

Einnig var Jón Ingvar Pálsson, forstjóri stofnunarinnar, viðstaddur. Þá voru þingmennirnir Árni Páll Árnason og Guðbjartur Hannesson á staðnum.

Unnið að ljósvæðingu Vestfjarða

Flestir íbúar á Ísafirði, Hnífsdal og Bolungarvík geta nú þegar tengst Ljósveitu Mílu í gegnum sitt fjarskiptafyrirtæki, en á næstu vikum verður einnig mögulegt fyrir íbúa á Patreksfirði, Tálknafirði, Bíldudal, Flateyri, Þingeyri og Suðureyri að tengjast. Áætlað er að hefja uppsetningu búnaðar á þessum stöðum í lok nóvember. „Um 65% landsmanna geta nú tengst öflugum og hagkvæmu háhraðaneti Mílu, Ljósveitu,“ segir Sigurrós Jónsdóttir, fjölmiðlafulltrúi Mílu.

„Nú þegar hafa tæplega 80 þúsund heimili um allt land verið tengd og hafa því möguleika á að nálgast háhraðapjónustu hjá sínu fjarskiptafyrirtæki. Öll fjarskiptafyrirtæki geta haft aðgengi að Ljósveitu Mílu og hafa notend-



**Sigurrós Jónsdóttir,
fjölmiðlafulltrúi Mílu.**

ur möguleika á að komast í háhraðasamband sem veitir allt að 50Mb/s til heimila og 25Mb/s frá heimilum.“

Sigurrós segir að fljótlega muni flestum þéttbýlisstöðum á landinu standa til boða aðgangur að Ljósveitunni, en til að flýta fyrir lagningu í minni bæjarfélögum, verði fyrst um sinn settur upp ljósveitubúnaður í símsstöðvum. Í seinni áfanga verða svo settir niður götuskápar til að þetta kerfi og ná til þeirra sem útaf standa, en kerfið nær til þeirra sem búa innan við kílómetra frá endabún-

aði.

Engar breytingar þarf að gera á innanhússlögnum eða heimaugum til að taka Ljósveituna í notkun, sem því er bæði hagkvæm og einföld í notkun. Gagnaflyttingshraði kerfisins er margfaldur á við ADSL, en til dæmis er hægt að taka á móti allt að fimm háskerpusjónvarpsstöðvum á sama tíma. Míla tók við rekstri Ljósveitukerfisins í byrjun september, en þjónustan gekk áður undir heitinu Ljósnet Símanns. Míla er heildsali, en margar netveitur bjóða upp á tengingar í gegnum kerfi Mílu. Þar má meðal annars nefna Símann, Vodafone, Snerpu og Fjölnet.

Sigurrós bendir á að notkun á rafrænum gögnum eykst jafnt og þétt, og er ekki bundin við tölvur og snjallsíma. Rafræn miðlun afþreyingarefnis er nú þegar orðin mikil, og ekki verður séð fyrir endann á þeirri þróun. Ljósveitan er því skref til framtíðarinnar í þessu tilliti. „Hraði Ljósveitunnar er það mikill að streymi í tölvu hefur ekki áhrif á móttöku sjónvarpsefnis eða nettengdrar leikjatölvu og snjallsíma, svo dæmi séu tekin.“ – herbert@bb.is

smáar

Bílskúrssala í íþróttahúsinu á Flateyri laugardaginn 26. október kl. 14:00.

Rjúpnaveiði er bönnuð í landi Gilsbrekku við Súgandafjörð, án leyfis landeigenda. Upplýs. í síma 863 4566.

CLINIQUE DAGAR Í LYFJU ÍSAFIRÐI

Fimmtudag 24. október – laugardags 26. október

20% afsláttur af CLINIQUE vörum

Sérfræðingur frá
Clinique verður
á staðnum á
föstudeginum

Glæsilegur kaupauki fylgir
með ef verslað er
fyrir 6.900 kr.
eða meira*



Kaupaukinn inniheldur:

Youth Surge Day SPF 15 Age Decelerating Moisturizer, 15 ml – Dagkrem fyrir þurra/blandaða húð
7 Day Scrub Cream Rinse-off Formula, 30 ml - Kornamaski
Take The Day Off Makeup Remover, 30 ml - Augnfarðahreinsir
Iced Lotus Blushing Blush - Kinnalitir
High Impact maskari, svartur: 3.5 ml – Vinsælasti maskarinn okkar
Superbalm Moisturizing Gloss, Grapefruit. 7 ml – Mjúkur túpugloss

*Meðan birgðir endast.

Bylting í naglalökkum

Naglalökkinn frá CLINIQUE eru ofnæmisprófuð
og 100% ilmefnalaus. Algjör bylting í naglalökkum.
Naglalökkinn gefa góða þekju og haldast vel á,
án þess að gera neglurnar gular.
Laus við eiturefni og ertir ekki viðkvæma húð.



 **LYFJA**
- Lífið heil

Vestfirðingur vikunnar

er Sólveig Bessa Magnúsdóttir, bóndi og verkefnastjóri hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Hvað ertu að gera þessa dagana?

Skipuleggja svæðisleiðsögunám hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða ásamt mörgum öðrum verkefnum þar. Byggja upp betri aðstöðu fyrir úrvinnslu á æðardún á bænum mínuhjarðardal. Auk þess er ég að leika mér í einum kúrs á Hvanneyri sem heitir "Lífrænn landbúnaður" og er virkilega áhugaverður.

Hvaða fjögur orð lýsa þér best?

Samviskusöm, skynsöm, heiðarleg og hagleiksrík (fengið að láni frá vinkonu)

Hvernig færðu útrás fyrir gremju?

Ef ekki dugar að spjalla við karlinn eða vinkonur fer ég í göngutúr upp með í dalinn minn og losa gremjuna út í náttúruna.

Í hvernig klæðnaði líður þér best?

Gömlum og mjúkum.

Hver er mesta eftirsjá þín í lífinu?

Að hafa ekki búið eða starfað í öðru landi þegar ég var ung og óbundin.

Hver er óvenjulegasta lífsreynsla sem þú hefur lent í?

Að verða vitni að mannbjörg.

Hefurðu kompleksa?

Já, örugglega, veit bara ekki hvað ég á að nefna.

Hver er besta kvikmynd allra tíma?

Gandhi.

Hvernig Facebook-týpa ertu?

Þarf að látta aðra vita af „sannleikanum“ og reyndar svolíð mikil like-ari.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Sóun og umhverfissóðaskapur.

Hefur þú gert uppreisn?

Nei.

Hver er eftirlætis bókin þín?

Úff þær eru margar en til að nefna einhverjar þá eru það: Karítasar bækurnar hennar Kristínar Marju, Flugdrekahlauparinn eftir Khaled Hosseini og Dóttir húshjálparinnar eftir Barbara Mutch (Herdís Hubner þýddi)

Áttu þér óuppfylltan draum?

Já að sjá að jarðarbjúar lifi í sátt og samlyndi við aðra menn og náttúruna sjálfa.

Hvernig bregstu við höfnun?

Nafn:

Sólveig Bessa Magnúsdóttir

Aldur:

51

Atvinna:

Verkefnastjóri hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og bóndi.

Stjörnumerki:

Krabbí

Maki:

Björgvin Sveinsson

Börn:

Arnar, Borgar og Sara



Verð sár, mislengi eftir tilefni.

Hver er þín versta martröð?

Að lokast inn í lyftu.

Hvert er helsta takmark þitt í lífinu?

Að lifa í takt við landsins gæði og í sátt við samferðafólk.

Hvenær og hvar ertu hamingjusömust?

Með fjölskyldu og vinum og/ eða þegar ég er að vinna í ræktuninni minni.

Hver er besta setning eða orðtak sem þú hefur heyrt?

Vandamál eru verkefni til að leysa.

Hvaða fræga persónu mundir þú vilja vera og af hverju?

Hef aldrei langað að vera önnur en ég er og síst af öllu fræg persóna.

Hvar er fallegast á Vestfjörðum að þínu mati?

Önundarfjörðurinn á kyrru

fallegu sumarkvöldi eða árla morguns.

Hvar er fallegast á landinu öllu (fyrir utan Vestfirði)?

Það er allsstaðar fallegt, stemmingin skapar fegurðina.

Hvaða stað í heiminum langar þig til að heimsækja?

Núna væri ég til í Mið Evrópu eða Nýja Sjáland og svo margt, margt annað.

Ertu bjartsýn(n) á framtíð

Vestfjarða?

Já.

Hvað skortir á Vestfirði að þínu mati?

Betri fjarskipti, sérstaklega í dreifðari byggðum, uppbyggingu vegakerfisins og jákvæða umfjöllun.

Hvernig hljóma síðustu SMS-skilaboð sem þú fékkst í símann þinn?

Afslátturinn verður brátt óvirkur. Framlengdu með því.

gott að vita



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA

Nýr fræðsluvefur Lífeyrissjóðanna:

**Lífeyrisgátt — Gott að vita
opnar 29. október 2013**

Þar geta allir sjóðfélagar skoðað öll sín lífeyrisréttindi á sama stað.

Vefslóðin er www.lvest.is sjóðfélagavefur lífeyrisgátt
eða www.gottadvita.is

Til að komast inn á sjóðfélagavef notar sjóðfélagi veflykil sinn frá lífeyrissjóðnum sem hann hefur fengið sendan með yfirliti sínu yfir innborguð lífeyrissjóðsiðgjöld, eða sækir um á www.lvest.is sjóðfélagavefur.

Þriðjudaginn 5. nóvember n.k. er opið hús hjá lífeyrissjóðum um land allt og sjóðfélögum er boðið í heimsókn til að fá fræðslu um lífeyrisréttindi.

Nafnávöxtun á ársgrundvelli tímabilið 1. jan. - 15. okt. 2013 er:

Ávöxtun samtryggingadeildar sjóðsins er 10,2%

Ávöxtun séreignardeildar sjóðsins er 14,0%

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Hafnarstræti 9 • 400 Ísafjörður • Sími: 456-4233 • Fax: 456-4710
Vefsíða: www.lvest.is • Netfang: afgr@lvest.is



24. OKT - 29. OKT
Ísafjarðarbið
 Elsta samfelld starfandi bið á Íslandi
 DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísafjarðarbið skemmtun.is

AUKASÝNING
 Á ÞESSARI MEIRIHÁTTAR SPENNUMYND

GRAVITY
 SANDRA BULLÖCK GEORGE CLOONEY
 FIMMTUDAG 24. OKT KL 8
 ALLS EKKI MISSA AF ÞESSARI

jackass presents
BAD GRANDPA
 FÖSTUDAG 25. OKT KL 8
 LAUGARDAG 26. OKT KL 8
 ÞRIÐJUDAG 29. OKT KL 8

AULINN 662
 (SI-TAL)
 ALLRA SÍÐASTA SÝNING
 SUNNUDAG 27. OKT KL 3. Í 2D

THE ULTIMATE THE BOONIE ULTIMATUM
TOM HANKS CAPTAIN PHILLIPS
 SUNNUDAG 27. OKT KL 8
 MÁNUDAG 28. OKT KL 8

Vélknúna snekkjan Egret liggur nú í Ísafjarðarhöfn en eigendur hennar, Mary og Scott Flanders, hafa siglt á henni umhverfis hnöttinn. Þau koma frá borginni Fort Lauderdale í Flórída í Bandaríkjunum en hafa í rúman áratug búið um borð í bátnum sínum og heimsótt rúmlega 35 lönd. Báturinn er nú kominn til vetrardvalar á Ísafirði en Scott og Mary hyggja nú á nýjar slóðir og hafa auglýst bátinn til sölu.

Blaðamaður brá sér í heimsókn um borð í Egret og spjallaði við heimsferðalangana. Hlýlegt yfirbragð innanborðs gaf til kynna að hér væri ekki um venjulega snekkju að ræða heldur heimili hjónanna. Enda hafa þau allt til alls um borð í glæsilegri snekkjunni sem afar notalegt er heim að sækja.

Eftir skoðunarferð um bátinn færðist talið strax að ferðalögum þeirra en þau hafa ferðast allt frá Hornhöfða (Cape Horn, suðurtá Suður-Ameríku) til norðurhvels jarðar.

„Við vorum að koma úr ferðalagi til Nýfundalands, Labrador

og Nova Scotia í Kanada þaðan sem við fórum til Grænlands og síðan til Ísafjarðar. Okkur finnst Ísland mjög sérstakt og langar til að koma aftur eftir að báturinn hefur verið seldur og ferðast um landið á bíl með tjaldhýsi,“ segir Scott.

Scott og Mary hafa ferðast um heiminn á Egret undanfarin tólf ár.

„Árið 2002 seldum við heimilið okkar, bílana og allt sem við áttum. Synir okkar tveir voru vaxnir úr grasi og við ein eftir í kotinu svo við keyptum þennan bát og fórum á flakk. Strákarnir okkar stríða okkur einmitt á því að venjan sé sú að börnin fari að heiman en ekki foreldarnir eins og í okkar tilfelli,“ segir Mary og hlær. „Við höfum verið á ferðinni síðan og virkilega notið þess í botn. Síðustu sjö árin höfum við leiðst út í áhugaljósmyndun sem hefði ábyggilega ekki gerst ef ekki fyrir alla þessu nýju og áhugaverðu staði sem við höfum heimsótt. Þótt við seljum bátinn munum við halda áfram að taka ljósmyndir. Það gæti vel verið

Á ferð u

að við fáum okkur annan bát í framtíðinni en það verður ekki stór bátur sem við búum í, eins og nú, heldur lítill bátur fyrir stuttar ferðir,“ segir Mary.

Með ferðalög í blóðinu

Hjónin telja að nú sé kominn tími til að snúa aftur til Bandaríkjanna en ætla þó ekki að gefa ferðalög upp á bátinn.

„Það er mjög líklegt að við myndum halda áfram að ferðast, kannski í vikur eða mánuði í senn, en í þetta sinn myndum við hafa heimastöðvar í landi. Í dag er báturinn okkar heimili og þetta er of stór bátur til að skilja eftir afskiptalausar meirihluta árs. Nú þegar við sjáum fram á að vera meira á landi teljum við því ráðlegast að selja hann og leyfa einhverjum öðrum að njóta ævintýra um borð. Síðustu tólf árin höfum við einungis farið frá bátnum í nokkrar vikur til þess að heimsækja fjölskyldu okkar,“ segir Mary.

Við viljum halda áfram að ferðast því það er alltaf eitthvað áhugavert að sjá. Þetta er bara í

blóðinu okkar núna. Það er ekki nauðsynlegt að ferðast um heiminn til þess að sjá stórkostlega staði. Við fórum til dæmis í úti-legu í eyðimörkinni í suðvesturhluta Bandaríkjanna fyrir nokkrum árum. Það var alveg stórkostlegt. Þetta var um vetur og því afar fáir á ferli, enda flestir í vinnu og börnin í skóla,“ segir Scott.

Oftast nær eru Scott og Mary ein á ferðalögum sínum en stöku sinnum slást vinir og fjölskyldu-meðlimir með í för.

Seldu allt til að láta drauminn rætast

En hvað varð til þess að þau tóku þá stóru ákvörðun að yfirgefa allt sem þau þekktu og búa sér heimili á heimshöfunum?

„Heima í Flórída áttum við bústað í Florida Keys þar sem dvöldum um helgar. Þar áttum við fiskibát og nutum þess að vera á vatninu. Seinna meir keyptum við aðeins stærri bát og þá varð ekki aftur snúið. Við vorum komin með bakteríuna. Við tókum eitt sinn frí í heilan mánuð og fórum á þeim bát til



Um heiminn á vélbáti

Bahamaeyjanna. Þá ákváðum við að kaupa stærri bát og gera þetta að alvöru. Þegar við höfðum fundið rétta bátinn seldum við allt til að geta látið drauminn rætast,” segir Mary.

„Við erum ekki ríkir Kanar, heldur ósköp venjulegt fólk. Mary vann sem sjúkrabjálfi með börnum og ég vann hjá bátafyrirtæki. Við spörudum aurana okkar og seldum allt sem við áttum og þannig gátum við látið drauminn rætast,” skýtur Scott að.

„Margir hafa spurt okkur hvernig við gátum selt allt okkar hafurtask en við litum svo á að það væri bara veraldlegir hlutir og höfum fengið svo miklu meira út úr öllum ævintýrunum sem við höfum upplifað á öllum stöðunum sem við höfum heimsótt og með öllu fólkinu sem við höfum kynnst,” segir Mary.

Hægt að finna fegurð hvar sem er

–Einhver staður sem stendur upp úr að ykkar mati?

„Við höfum ótalmargar sögur frá stórkostlegum stöðum og

áhugaverðu fólki, en raunin er sú að maður getur fundið fegurð hvar sem er. Í hvert sinn sem við komum til nýs staðar erum við dolfallin yfir fegurðinni. Þess vegna falla margir heimsferðalangar í þá gryfju að verða svo hrifnir af einhverjum stað á fyrstu árum reisunnar að þeir ákveða að setjast þar að og selja bátinn sinn. Við köllum það að festast í tjöruppyttinum. Vissulega höfum við komið til staða sem maður gæti vel hugsað sér að búa á. Maður verður svolítið að halda aftur af sér og muna að það er svo miklu meira sem maður á eftir að sjá,” segir Mary.

– Eru einhverjir staðir eftir á óskalistanum eða hafið þið séð þá alla?

„Enginn hefur séð þá alla, það er ómögulegt. Okkur langar til dæmis mikið að koma aftur og skoða Ísland betur. Okkur langar sérstaklega til að skoða það á landi. Við höfum séð ansi margar strandlengjur í gegnum tíðina og það er allt önnur lífsreynsla að ferðast á legi. Við leigðum bíl í Ástralíu og vorum á ferðalagi í

þrjá mánuði þar sem við heimsóttum hvert einasta fylki. Við sáum mikið af Ástralíu, sem við myndum aldrei hafa séð með því að ferðast milli hafna,” segir Mary.

„23.000 kílómetra ferðalag þar sem við sváfum í bílnum,” skýtur Scott að.

„Við höfum heimsótt marga frábæra staði, bókstaflega um alla veröld, og við höfum notið hvers einasta staðar. Það er allt önnur upplifun að koma til staðar eins og Ísafjarðar á svona bát eða til dæmis á skemmtiferðaskipi. Við erum ekki túristar heldur viljum við upplifa bæinn eins og aðrir bæjarbúar. Við ætlum að koma aftur í vor og vera hér í tvo mánuði. Við erum útlendingar en að öðru leyti erum við rétt eins og aðrir sem búa hérna. Eftir skamma stund byrjar fólk að þekkja bátinn og í framhaldi að tengja okkur við hann. Egret opnar því dyr fyrir okkur og upplifunin verður allt önnur en ef við værum bara túristar á leið um bæinn,” segir Scott.

„Við komum úr stórrí borg og

okkur finnst dásamlegt að koma á smærri staði og fá að upplifa að vera hluti af samfélaginu á hverjum stað þann tíma sem við dveljum þar.”

Vekja athygli annarra ferðalanga á Vestfjörðum

Scott og Mary hafa í árafjöld haldið úti ítarlegu bloggi þar sem þau lýsa ferðalögum sínum. Þar benda þau ferðalögum á hversu góð aðstaða er fyrir siglingamenn á Ísafirði og hversu áhugaverður áfangastaður Vestfirðir eru.

„Að okkar mati er Ísafjörður öruggur staður til vetrardvalar og erum mjög ánæð með aðstöðuna. Upphaflega ætluðum við reyndar að vera á Akureyri. Við hittum ferðalang sem hafði góða reynslu af því. En þegar við komum til Ísafjarðar frá Grænlandi leist okkur vel á aðstöðuna hér. Við leigðum því bíl og keyrðum til Akureyrar til að athuga aðstöðuna þar. Þó svo að hún liti vel út fannst okkur hún ekki eins örugg og skjólsæl og fyrir vestan. Því varð úr að við ákváðum að báturinn yrði yfir veturinn á

Ísafirði.”

Í gegnum árin hafa margir fylgst með blogginu þeirra.

„Við fáum ótalmargar fyrirspurnir og tölvupósta þar sem fólk lýsir ánægju sinni yfir blogginu. Það er fólk alls staðar úr heiminum, við höfum meira að segja hitt fólk hér á Íslandi sem hefur fylgst með okkur í gegnum tíðina. Scott byrjaði á þessu til að lýsa því fyrir fólki hvernig við fórum að þessu því að þegar við byrjuðum var slíkt lesefni ekki til staðar fyrir mótorbáta enda flestir á seglbátum. Við lásum okkur til með því að lesa um seglbáta en það er önnur reynsla að vera á vélknúnum bát. Nordhavn, sem er fyrirtækið sem byggði bátinn, leist svo vel á bloggði að það ákvað að hýsa síðuna fyrir okkur,” segir Mary Flanders.

Þess má geta að um 2.500 manns sækja síðuna á viku. Slóð bloggsins er nordhavn.com/egret en þar má rekja aftur ferðir þeirra hjóna aftur til ársins 2006.

– Thelma Hjaltadóttir.



Boltinn í beinni...

Fimmtudagur 24. október
kl. 16:00 Shaktar - AZ Alkmaar
kl. 16:00 Tiraspol - Tottenham

Laugardagur 26. október
kl. 11:35 Crystal P. - Arsenal
kl. 14:00 Aston V. - Everton
kl. 14:00 Norwich - Cardiff
kl. 14:00 Man. Utd. - Stoke City
kl. 14:00 Liverpool - WBA
kl. 16:00 Barcelona - Real M.
kl. 16:30 South.ton - Fulham

Sunnudagur 27. október
kl. 13:30 Sunderl. - Newcastle
kl. 16:00 Chelsea - Man. City
kl. 16:00 Tottenham - Hull
kl. 16:00 Swansea - West Ham

Þriðjudagur 29. október
kl. 19:35 Arsenal - Chelsea
kl. 20:50 Celta - Barcelona

Miðvikudagur 30. október
kl. 19:45 Real M. - Sevilla
kl. 19:45 Newcastle - Man. C.

Dagar Íslands

24. október 1987: Sykurmólarnir voru á forsíðum tveggja virtustu tónlistarblaða í Bretlandi, Melody Maker og New Musical Express. Í kjölfarið seldist plata hljómsveitarinnar í einni milljón eintaka.

25. október 1947: Kvikmyndasýningar hófust í Austurbæjarbíói, sem þá var stærsta samkomuhús landsins og rúmaði 787 manns í sæti. Nafni bíósins var síðar breytt í Bíoborgin.

26. október 1986: Hallgrímskirkja í Reykjavík var vígð. Hún hafði verið í smíðum í 41 ár. Við vígsluna gengu um tvö þúsund kirkjugestir til altaris, fleiri en nokkru sinni fyrr hér á landi.

28. október 1987: Þátturinn Á tali hjá Hemma Gunn var í fyrsta sinn á dagskrá RÚV.

29. október 1925: Íslenskir einnar og tveggja krónu peningar voru settir í umferð.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðanátt, 5-13 m/s, hvassast nyrst. Slydda eða snjó-koma norðantil. Hiti um eða yfir frostmarki.

Horfur á laugardag:

Norðvestan 8-13 m/s og el við NA-ströndina en annars austlæg átt og úrkomulítið og víða bjart. Víða frost.

Horfur á sunnudag:

Norðlæg átt með éljum en léttskýjað syðra. Kalt í veðri.

Krossgátan

	Tónn	Tré Álit	Maður Kyr	Miði Eldur	↓	Skel Rek	↓	Þvoglað Durturinn	↓
	Halli Blað								
	Frost-skemmd Óska Hrá				500 Erfða-vísir		Sömu Rimpa		
Jón Steingr.	↓	Elska Sam-mála		✓	Kula Viðar-bútar				
Oflát-ungurinn									
Einkasala				✓			Æði		
Fram-leiðsla							Saga		Natni
↓						Beita Stallur			
Stirð-busa	↘		✓						↘ Tala
	Romsa								
↓					Sömu Gyltu		Býli Leikin		
Smábára				Jötu					
Fljótur				Tíndi					
↓			Þreytu Grátt hár				Á endum Reiður		Fram-leiðslu
Tónn		Upphr. Kapp-söm			Niðraði Ætt-göfgi				
Land-bára			Ærði Fjarlægð Öm						
Klampar				Greinir		Sæla Öf. tvíhlj.			
Kempa				↓					
↓							Upphr. Samhlj.	Röð	
Ætt-feður				Tarfur-inn					

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N
SEXTU OG SEX NORÐUR

Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013



HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



AKOB VALGEIR EHF

Grundarstíg 5
415 Bolungarvík
450 7700

				D	Ý	R	A	R	Í	K	I
				⌘		Ö		R			Ó
					Á	S	K	A	P	A	Đ
		↓		I	R	P	A	N		L	A
Ú	T	H	Ú	Đ	A		P	Í	S	L	
	A	U	Đ	N	U	G	Í	S	L		S
E	L	N	A		N	Ó	T	↑	A	R	A
	E	D	R	Ú		M	U	R	T	A	N
S	N	U	R	Đ	A		L	I	T	U	N
	T	R	Ú	I	N	R	A	F	A	L	I
	U	I	Đ		N	Ý		R		A	R
U	N	N	A	F	A	N	N	A	R		R
	A	N		L		D	Á	Þ	Ú		Á
		↘	G	E	R	I	R	↗	M	A	L
S	K	V	Í	S	A		A	L	T	A	N
		A	L	K	U	N	N		A		I
K	A	R	L		F	R	A	K	K	U	R

3			4				9	
	1							4
	5			1		2		
8		9		7	5			
		7	6		8	9		
			2	4		5		8
		3		5			2	
2							4	
	7				3			6

	6	4		5				7
			6				4	
8		7		2	1			
	3			6	4			
	4						9	
			9	3			8	
			3	7		1		4
	2				6			
4				8		7	3	

„Fólk tekur ágætlega við sér. Við erum að fá nokkra nýja viðskiptavini á viku, og það hefur staðist allar okkar væntingar,“ segir Björn Davíðsson hjá Snerpu um viðtökur við Smartnetinu, en Snerpa býður upp á VDSL tengingar á eigin tengingum á nokkrum stöðum á Vestfjörðum. Tengingarnar eru nú í boði á Ísafirði, í Hnífsdal, og á Flateyri og Suður-eyri. „Við erum að bíða eftir sambandi til að geta boðið Þingeyringum og Bílddælingum upp á þjónustuna. Við erum með samstarfssamning við Vodafone um að samnýta þeirra sambönd, og þeir eru að stækka við sín sambönd hér á svæðinu. Aðrir staðir eru lengra inni í framtíðinni, en það stendur til að fara víðar.“

Það er þó ekki alveg sama hvar menn búa, en á Ísafirði er þjónustan í boði á eyrinni, ofan Túngötu og inn að Vallartúni. Annars staðar er fjarlægð í smástöð of mikil. „Við ætlum að koma upp græju þar sem er hægt að fletta upp hvort tiltekin heimilisföng nái tengingu, fólk ætti því að geta flett því sjálf upp í miðri næstu viku hvernig tengingar eru í boði. Ef fólk er í vafa þá er velkomið að hringja og spyrjast fyrir, en við höfum ekki endilega tæmandi upplýsingar um jaðrana. Í sumum tilvikum ráðum við við að tengja eignir sem eru fjær en kílómetra frá stöðinni.“

Auk þess að bjóða tengingar á eigin kerfi býður Snerpa upp á netþjónustu í gegnum önnur kerfi, þar á meðal Ljósveituna, sem er á vegum Mílu og hefur verið í boði á Ísafirði og í Bolungarvík frá því í byrjun október. „Hún nær þó ekki öllu Holta- hverfinu, og ekki Múalandi og Seljalandi. Við teljum að það þurfi ákveðnar breytingar á heimtaugum þar, og erum að fara yfir það með Mílu. Það er svona helmingur íbúa í hverfinu sem er ennþá útundan, ef við orðum það þannig. Við erum að ljúka við lagningu á ljósleiðara inn í fjörð, svo við getum boðið gott samband þangað þegar þar að kemur.“

Ljósveita Mílu og Smartnet
Snerpu byggja á sömu undirliggjandi tækni, en kerfin eru aðskilin. Bæði kerfin bjóða upp á sjónvarp og háhraða nettengingu.

– *herbert@bb.is*

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Öll almenn húsmíði

Bolungavík
☎ 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir



**Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is**



URSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9



Kampi

Rækjuvinnsla:
Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000

Fiskvinnsla:
Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600



**Gámapjónusta
Vestfiarða ehf**

3JA HÓLFA FLOKKUNARÍLÁT

**3x12 lítra fyrir
flokkun innanhúss.**

Sími: 456 3710
gamarvest.is



EKKI MISSA AF ÞESSU!

20-25% afsláttur af heilsurúmum!

Sérfræðingur
í heilsurúmum
verður til ráðgjafar
föstudag og
laugardag!



FYRIR ÞÍNAR
BESTU STUNDIR



C&J STILLANLEGT með Tempur Cloud



Charlotte & Julien
Dream your world™



Stillanleg C&J
heilsurúm fást í
eftirtöldum stærðum:

2x80x200
2x90x200
2x90x210
2x100x200
120x200
140x200

HEILSURÚM
20-25%
AFSLÁTTUR

Með fjarstýringu

BETRA BAK á Ísafirði býður margar gerðir af heilsurúmum í öllum stærðum og mörgum verðflokkum.

Á **FÖSTUDAG** og **LAUGARDAG** verður sérfræðingur frá höfuðstöðvum Betra bak í Reykjavík til ráðgjafar um val á heilsudýnum og heilsurúmum.

Af því tilefni verða öll rúm með
20-25% AFSLÆTTI
þessa daga.



Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið föstud. 25. okt. 11⁰⁰-18⁰⁰
og laugard. 26. okt. kl 11⁰⁰-16⁰⁰